



Skipulags- og umhverfisnefnd - 02.12.2013

34. fundur

2. desember 2013, kl 10:00-11:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið

Fundarmenn:

Eyrún Björnsdóttir, varaform.

Birgir Steingrímsson

Margrét Hólm Valsdóttir, form.

Karl Emil Sveinsson

Einar Jónsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í Skype-sambandi frá Reykjavík)

(Varamaður í fjarveru Péturs Snæbjörnsson)

Dagskrá:

1. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.*
2. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Geiteyjarströnd.*
3. *Hverfjall, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulag.*
4. *Grímsstaðir 4. Stofnun lóðar.*
5. *Bjarg. Stofnun lóðar.*

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

S20120203

Lögð fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags. 27. nóvember 2013. Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar varða þéttbýlisuppdrátt Reykjahlíðar. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við tillögur að deiliskipulagi Reykjahlíðar og tillögu að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni og

kalla á umræddar breytingar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki lýsinguna og feli jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um.

2. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á deiliskipulagi í Geiteyjarströnd.

S20120203

Tekið fyrir að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags í Geiteyjarströnd. Skipulags- og umhverfisnefnd fól skipulags- og byggingarfulltrúa á síðasta fundi sínum 11. nóvember s.l. að annast málsmeðferð vegna tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar stækkun á landnotkunarreit **325-O/V**. Lagður fram tillöguuppráttur með greinargerð vegna umræddrar aðalskipulagsbreytingar frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerð verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er varðar stækkun á landnotkunarreit **325-O/V** skv. framlögðum gögnum. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

3. Hverfjall, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

S20130305

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 23. maí frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Hverfjalls/Hverfells og umhverfis. Erindið var áður á dagskrá nefndarinnar 27. maí s.l.

Fyrirhugað er að gera deiliskipulag sem nær til Hverfjalls og næsta nágrennis í Skútustaðahreppi. Verkefnið felst m.a. í að skilgreina aðkomusvæði, bílastæði og byggingarreit fyrir salernisbyggingu.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af friðlýstu svæði Hverfjalls og því sér Umhverfisstofnun um rekstur og umsjón svæðisins. Deiliskipulagslýsingin var kynnt eins og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Innkomin ný gögn 27. nóvember 2013, tveir deiliskipulagsupprættir í mkv. 1:1000 og 1:4000 og greinargerð frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

- 1. Óskað er eftir að notað verði heitið Hverfjall í deiliskipulagsgögnum en ekki bæði heitin. Gera má grein fyrir báðum heitunum Hverfjall/Hverfell í upphafi greinargerðar og þar tekið fram að framvegis verði notað heitið Hverfjall.*
- 2. Þakform á þjónustuhúsi verði gefið frjálst, en ekki einskorðað við flatt þak.*
- 3. Hámarkshraði á aðkomuvegi nr. 8816 að Hverfjalli verði endurskoðaður t.d. 50 km/klst en ekki 30 km/klst.*
- 4. Í greinargerð er talað um tvær gönguleiðir upp á Hverfjall en sýndar þrjár á uppdrætti. Óskað er eftir að þetta verði samræmt.*

Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. Grímsstaðir 4. Stofnun lóðar.

S20120404

Erindi dags 4. október 2013 frá Brynjólfi Steingrímssyni, f.h. Þorgerðar Egilsdóttur kt. 031227-3219, Grímsstöðum 4, 660 Mývatn, þar sem sótt er um heimild til að stofna 4.226 m² íbúðarhúsaloðar í landi Grímsstaða 4 skv. meðfylgjandi lóðarblaði/loftmynd, dags. 3. október 2013, frá Búgarði. Einnig fylgir með útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá um stofnun nýrrar lóðar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

5. Bjarg. Stofnun lóðar.

S20131101

Erindi dags 18. nóvember 2013 frá Finni Sigfúsi, Sólveigu og Jóni Illugabörnum þar sem þau sækja um að stofnuð verði sérstök lóð, Hörgur, 3.82 ha, út úr landi Bjargs. skv. meðfylgjandi lóðarblaði/loftmynd, dags. 19. janúar 2011, frá Búgarði. Einnig fylgir með útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá um stofnun nýrrar lóðar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Fundi slitið.